

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
101 Reykjavík

EFNI: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. [144/2020 Þingskjal 11 - 11. mál](#) á 154. löggjafarþingi 2023-2024.

Kvenréttindafélag Íslands styður þetta frumvarp um breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og tekur undir umsögn ASÍ um sama mál frá 17. maí síðastliðnum þar sem meðal annars kemur fram:

“ASÍ telur að sú nýlunda sem kemur fram í frumvarpinu um rétt til vinnutímastyttingar í kjölfar fæðingarorlofs sé til bóta fyrir foreldra ungra barna og gæti stuðlað enn frekar að því að uppfylla markmið laganna um samræmingu fjölskyldulífs og atvinnulífs. Styttingin gæti minnkað álag á fjölskyldur með ung börn og um leið leikskóla landsins, sem gæti með tímanum haft þau áhrif að umönnunarbilið minnkar. Á hinn bóginn telur ASÍ brýnt að afleiðingar slíkra breytinga séu metnar út frá sjónarmiðum kynjajafnréttis. Komi mæður og feður til með að nýta slíkt úrræði til jafns, eða hér um bil, er breytingin jákvæð en ef úrræðið verður nær einungis nýtt af mæðrum gæti það haft þau áhrif að staða þeirra á vinnumarkaði veikist. Þessu þarf að fylgjast náið með, ekki síst í ljósi þeirrar tilhneigingar sem greint er frá hér að ofan, að feður nýti einungis þann rétt sem þeir eiga sem ekki er framseljanlegur. Fæðingar- og foreldraorlofskerfið á að vera í sífelldri endurskoðun, enda er kerfinu beinlínis ætlað að þrýsta á jákvæðar samfélagslegar breytingar.”

Kvenréttindafélag Íslands ítrekar enn og aftur að nauðsynlegt sé að brúa bilið á milli þess þegar fæðingar- og foreldraorlofi lýkur og þegar daggæsla barna er tryggð. Jafnvel eftir þá lengingu fæðingar- og foreldraorlofs sem um ræðir í þessu frumvarpi, stendur eftir eitt ár sem foreldrar hafa ekki tryggða daggæslu, og 17 mánuðir fyrir suma einstæða foreldra. Ísland er eina Norðurlandið þar sem börn hafa ekki lögbundinn rétt til dagvistunar. Áriðandi er að við innleiðum lög um dagvistun og tryggjum fjármögnun fyrir dagvistun allra barna óháð hjúskaparstöðu foreldra frá þeim tíma þegar fæðingarorlofsrétti lýkur.

Þá áréttar Kvenréttindafélag Íslands að náið verði fylgst með kynjabreytunni ef til þessara lagasetningar kemur. Mikilvægt er að allar breytingar sem viðkoma fæðingar- og foreldraorlofi séu rýndar með kynjagleraugum.

Virðingarfyllst,

Tatjana Latinovic
formaður Kvenréttindafélags Íslands